

Reykjavík, 25. febrúar 2021

Áskorun til ríkis og sveitarfélaga

Til þeirra er málið varðar.

Hundaræktarfélag Íslands og Félag ábyrgra hundaeigenda skora á ríki og sveitarfélög að taka þátt í þeim kostnaði sem fylgir því að þjálfa og flytja inn leiðsöguhunda og styrkja þannig blinda til að öðlast öruggara líf.

Leiðsöguhundar eru mikilvægt hjálpartæki og því ætti að vera einfalt að fjármagna styrki til kaupa á þeim í gegnum Sjúkratryggingar og á móti gætu sveitarfélögin tekið þátt í kostnaðinum til að uppfylla skyldu sína um félagslegt öryggi íbúa sinna á grundvelli samhjálpar.

Það hefur margsýnt sig að með hjálp leiðsöguhunda öðlast blindir mun meira sjálfstæði og verða þar af leiðandi virkari og öruggari þátttakendur í samfélaginu.

Algjörlega ótækt er að blindir þurfi jafnvel að bíða í níu ár eftir að fá leiðsöguhund. Einnig þarf að hafa í huga að þeir, sem nú þegar nota leiðsöguhund, munu þurfa á öðrum slíkum að halda síðar og þar af leiðandi er afar mikilvægt að gerð verði framtíðaráætlun um þjálfun og innflutning leiðsöguhunda til Íslands.

Það er von okkar að ríki og sveitarfélög taki þetta til skoðunar sem allra fyrst.

Virðingarfyllt,

Hundaræktarfélag Íslands og Félag ábyrgra hundaeigenda.